

Tjákn (e. *emoji(s)*) í málvísindum 🤪

Anton Karl Ingason

Hugvísindafélag, Háskóla Íslands, 11. mars 2023

2023

Efni erindis

Tjákn eru út um allt í tungumálinu og það er mikilvægt að málvísindafólk veiti þeim athygli.

- Tjákn eru nýtilkomin í sögulegu samhengi; vegna tækninýjunga.
- Hvers konar rannsóknarefni eru mikilvæg?
- Hvers konar snertifletir eru við fyrri rannsóknir?

Fyrirvari:

Ég þykist ekki tala tjáknmál eins og Millenials gera, hvað þá eins og Z-kynslóð gerir eða α -kynslóð mun gera, en það er ekki endilega ókostur fyrir málvísindalega umræðu. Greinar um íslenka setningafræði eru yfirleitt skrifaðar af fólki með annað móðurmál (og ég hef rannsakað kóresku og japönsku án þess að tala þau mál).

Enn fremur: Þetta er verkefni á frum- og innrömmunarstigi.

Undirbúningur í gangi fyrir námskeið um tjákn 2024



- 1 Inngangur
 - Tjákn í málvísindalegum skilningi
 - Tjákn í tæknilegum skilningi
- 2 Orwell og nefndin
 - Frjáls tjáning eða miðstýrð nýlenska?
 - Ritskoðun ()
- 3 Inngilding og áskoranir
 - Tjákná-aðgerðarsinnar ()
 - Hvað gerist og hvað ekki? ( / )
- 4 (Mis)skilningur
 - Bókstafleg merking og margræðni
 - Kynslóðamunur
- 5 Greining og mótun málsins
 - Málbreytingar
 - Innsláttur og hvati til að forðast íslenskt lyklaborð
- 6 Samantekt
 - Samantekt

Tjákn í málvísindalegum skilningi

- Tjákn eru (nú 3664) táknmyndir (e. *ideograms*) sem eru notaðar í stafrænum samskiptum (e. *Computer-Mediated Communication; CMC*).
 - 🤔 😊 🔥 💀 ✨ 😭 👍 🤔 😊
- Þau gegna oft hlutverki orðlausra samskipta í ritmáli (e. *nonverbal communication*) og eru stundum greind út frá kenningum um látbragð (e. *gestures*; McCulloch 2020).
- Færa ritmál nær talmáli.
- Ýta við málvísindafólki að taka ritmál alvarlega.
 - Ritmál hefur í auknum mæli eiginleika talmáls.
 - Daglegt tal felst í auknum mæli í stafrænum samskiptum.
 - Stafræn samskipti verðskulda athygli málvísinda rétt eins og t.d. táknmál.

(sjá McCulloch 2020; Veronika Teresa Kolka 2022)

Tjákn í tæknilegum skilningi

Nafn: Smiling face with smiling eyes

Kóði: U+1F60A

Tugakerfi: 128522

Tvíundakerfi: 11111011000001010

Textakóði (stundum): smiling-eyes-with-smiling-eyes

Dæmi um mynd: 😊

Apple



Google Noto Color Emoji



Samsung



Microsoft



WhatsApp



Útfærsla m.v. tækniungjörð:

Sögulegt yfirlit


Nokkrar vörður úr tæknisögu tjákna:

- 1982–: Tilfinningamerki úr almennum rittáknum (e. *emoticon*): :-)
- 2000–2007: Japönsk tæknifyrirtæki innleiða eiginleg tjákn.
- 2007: Tillaga að Unicode staðli (frá Google og Apple).
- 2008 (októtber): Tjákn í Gmail
- 2008 (nóvember): Tjákn í iOS
- 2010 (október): Staðlaðir kóðar fyrir 722 tjákn í Unicode 6.0.
- 2015 (júní): Emoji 1.0: Stöðluð skjölun fyrir 1270 tjákn.
- 2015 (nóvember): 😊 valið orð ársins hjá Oxford Dictionaries.
- 2022 (12. ágúst): Emoji 15.0: 31 ný tjákn.
- 2022 (október): Þessi 31 komin á Samsung Galaxy S22 (One UI 5).
- 2023 (16. febrúar): 31 ný tjákn í iOS 16.4 beta.
- Þá eru þau orðin $3633 + 31 = 3664$.

Nýjustu 31 tjáknin (21 + 2x5 húðlitir fyrir hendur)



Að stýra orðaforða og hugsunum; nýlenska (e. *newspeak*)



Frjáls tjáning eða miðstýrð nýlenska?

Hvernig breyta tjákn málsamfélagi?

- Við fyrstu sýn auka tjákn frelsi málnotenda í ritmáli: Nú er betur hægt að tjá látbragð, tilfinningar, o.s.frv.

Ritstjórn orðaforðans:

- Fólk hugsar um Íslenska orðabók, Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls og Skraflorðabók í samhengi við það hvað sé orð í íslensku.
- Svipað í öðrum málum.
- Fólk getur auðvitað notað orð þó að þau finnist ekki í svona söfnum.

Ritstjórn tjáknorðaforðans:

- Unicode-nefndin ákveður tjáknin (og emoji-undirnefndin).
- Fólk getur ekki notað tjákn nema nefndin samþykki þau.

Þegar tjákn fá aukið vægi í málnotkun fá ákvarðanir um tjáknorðaforðann meira samfélagslegt vægi – ekki síst hvaða hugsanlegum tjáknum er sleppt. Við upplifum e.t.v. óbeislaða tjáningu en nefndin ákveður hvað má (ekki) tjá.

Nefndin í fundarherbergi



Ritskoðun og afturvirkar breytingar


Umdeilt þegar texta er breytt eftir á

– en hvað með alla texta með sama tjákni?

- Tæknifyrirtæki breyttu skammbýssum í vatnsbýssur, eitt af öðru, í kjölfar skotárása í Bandaríkjunum 2016–2018.
- Hvað ef orðinu *skammbýssa* væri breytt í *vatnsbýssa* í öllum útgefnum texta, afturvirkt?

Why did “sensitivity readers” revise
Roald Dahl’s books?

Specialist editors look for terms they think will cause offence



	Apple	Google	Microsoft	Samsung	Twitter
2015					
2016					
2017					
2018					

Inngilding og áskoranir: Tjákn-aðgerðarsinnar

Baráttuhópar hafa krafist þess að til verði tjákn fyrir andlitsslæður, trans, blæðingar, margvíslegan húðlit o.s.frv. – og náð árangri:

- 🎓 👩🎓 👨🎓 (2015): (Hlutlaus) Simpson-gul húð og fleiri litbrigði.
- 🧕 (2017): Lagt til af Rayouf Alhumedhi (þá 15 ára).
- 🩸 (2019): Undirskriftasöfnun frá 2017. Fyrst hafnað en nær í gegn 2020 í samvinnu við blóðgjafarsamfélagið.
- 🏳️ (2020): Eftir óskir frá samfélaginu árum saman.



Árangurslaus aktivismi

Umhugsunarvert hvernig völd tæknifyrirtækja og hagsmunir móta valkostina: Hvað breytist og hvað ekki og hvers vegna?

Herferðir sem hafa **ekki** náð árangri:

- Hvítvín (sbr. 🍷)
- Fáni fyrir Tíbet 🇨🇳 (sbr. mikill fjöldi alls kyns fána)

Nefndin er skipuð fulltrúum tæknirisa (Google, Apple, o.s.frv.):

- Fjárhagslegir hagsmunir.
- Pólítískir hagsmunir/völd.
- Pólítískt landslag í Kísildal.
- Vinnulag að bæta ekki of mörgum tjáknum í einu, hvað sem það merkir. Viðbætur eru takmörkuð auðlind ef t.d. aðeins er bætt við 20-30 tjáknum í einu.

Bókstafleg merking og margræðni

Tjákn geta haft bókstaflega (grunn)merkingu og fleiri merkingar:

[[🦴₁]] = hauskúpa (og myrkar/dauðatengdar merkingar)

[[🦴₂]] = deyjandi úr hlátri

Rétt eins og orð:

[[grænn₁]] = **svona á litinn**

[[grænn₂]] = umhverfisvænn

Merking myndmáls getur tengst samhengi og menningarheimum:

👍: “almennt talinn vera jákvæður í vestrænum heimi, en á sumum arabískumælandi svæðum er þetta tjákn talið vera móðgandi”
(Veronika Teresa Kolka 2022; haft eftir Danesi 2017)

Alvanalegt er að tjákn misskiljist þegar ólíkir hópar eiga samskipti (rétt eins og orð).

Kynslóðamunur

(Vestrænar menningar-) kynslóðir nota tjákn á ólíkan hátt:

- Eftirstríðsára-kynslóð (e. *Baby Boomers*): 1946–64 (👍👍👍👍👍)
- X-kynslóð: 1965–80 (herma eftir Millenial-hegðun þarsíðasta árs?)
- Þúsaldar-kynslóð (e. *Millenials*): 1981–96 (herma eftir Z-hegðun þarsíðasta árs?)
- Z-kynslóð: 1997–2012 (leiða málbreytingar; skera sig markvisst úr
 - 😂 > 💀 / FYNDIÐ
- α-kynslóð 2013– (10 ára og komin með iPhone; taka brátt við)

Dýnamík:

- Z sker sig úr; eldri notkun verður ósvöl.
- Eldri kynslóðir elta Z – og brátt α
- Yngri kynslóð breytir málnotkun sinni á nýjan leik.



Tjákn og málbreytingar

Skoðum betur málbreytinguna:

😂 > 💀 / FYNDIÐ

Ekki alveg svona einfalt:

- 😂 var ofurvinsælt fyrir og varla alveg horfið þó að tíðni þess hafi lækkað mjög hjá Z-kynslóð. Hali málbreytinga er langur.
- Slaufun Z-kynslóðar á 😂 hefur ýtt undir notkun á ýmsum húmorstjáknnum, ekki bara 💀.
- Þrátt fyrir meinta slaufun á 😂 líkist málnotkunin stundum millistigi Jespersen-hringekju (Jespersen 1917; Dahl 1979). Tjáknin eru oft notuð samtímis.
- 😂 er enn vinsælasta tjáknið á Twitter, þökk sé eldri málhöfum og þeim sem eru a.m.k. eldri í anda.
- Ýmis fleiri tjákn eru notuð í svipaðri merkingu og þeim oft blandað saman.
- Samheitamælingar í enskri Twitter-málheild hafa sýnt fram á að þessi breyting gerðist hratt; tjákn sem var áður með sama notkunarvið og orð um dauða og myrkur færðist yfir í sama hóp og LOL, ROFL, haha o.s.frv. Sést líka breytast í íslenska Twitter.

Jespersen-hringekja?

neitun₁ > neitun₁+neitun₂ > neitun₂

- (1) a. jeo **ne** dis.
ég ekki segi
'Ég segi ekki.' (fornfranska)
- b. je **ne** dis **pas**.
ég ekki segi ekki
'Ég segi ekki.' (standard nútímafranska)
- c. je dis **pas**
ég segi ekki
'Ég segi ekki.' (óformleg nútímafranska)

😂 > 😂💀 > 💀

- (2) a. Everyone at my night job is short. So whenever we can't reach something it's just like, 'Oh well.' 😂😂😂
- b. so funny 😂😂😂💀💀
- c. crazy stuff 💀

Íslensk máldæmi

- (3)
- a. vera drepinn svona semi oldstyle ! Adios 🦴
 - b. Regn sem er með svo mikinn svefngalsa að hán neitar að fara að sofa 😓 🦴 en já hér eru þælingar um anime og stjörnuspeki
 - c. Nei lol þeir eru með mig blokkaða 🦴 🦴

Innsláttur og hvati til að forðast íslenskt lyklaborð

Áhrif á íslensku:

- Ef fólk ætlar að nota þokkalega tjáknflóru þá fer að reyna á innsláttaraðferðir.
- Þá skiptir t.d. máli að geta leitað að tjákni, skrifa skull, frekar en að skima í gegnum allt tjáknmengið.
- Í Messenger (á mínum Android-síma allavega) virkar leit á emoji-lyklaborðinu eingöngu ef enskt lyklaborð er valið.
- Skýr hvati til að forðast íslenskt lyklaborð. Lúmsk pressa á að sleppa íslenskum stöfum.

Samantekt

Þetta var yfirlit um nokkur málvísindaleg rannsóknarefni í tjáknfræðum.

- Við þurfum að taka umræðu um það hvernig Unicode-nefndin stýrir málnotkun tjákna.
- Margslungin valdakerfi ráða því hvaða tjákn komast að og hver ekki.
- Kynslóðir málnotenda eru ólíkar og fólk skilur og misskilur hvort annað – á áhugaverðan hátt.
- Gerjun í tjáknbeitingu er löðrandi í nýbreytni – og áhugaverðar málbreytingar gerast, og gerast hratt.
- Tjákn virka misvel á enskum og íslenskum lyklaborðum – dæmi um samspil tækniþróunar og stöðu íslenskunnar.